

Alþingi
Erindi nr. P 136/244
komudagur 26.11.2008

From: Sigrún Brynja Einarsdóttir
Sent: 26. nóvember 2008 11:53
To: nefnd-utanrnmn.
Cc: Sigurður Kári Kristjánsson; Kristjana Benediktsdóttir
Subject: FW: Samantekt Ísl-UK fundur 18 nóv 2008.doc

161. mál

Til nefndarmanna í utanríkismálanefnd.

Meðfylgjandi er frásögn af tvíhliða fundi íslenskra og breskra þingmanna sem fram fór 18. nóvember sl. í tengslum við ársfund NATO-þingsins í Valencia. Ákveðið var á fundi nefndarinnar í morgun að frásögninni yrði dreift til nefndarmanna.

Bestu kveðjur,
Sigrún Brynja

Samantekt af fundi Íslandsdeildar NATO-þingsins og fulltrúa bresku landsdeildarinnar á ársfundi NATO-þingsins í Valencia þriðjudaginn 18. nóvember 2008.

Bakgrunnur:

Íslandsdeild NATO-þingsins tók upp beitingu breskra hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum og efnahagslegar afleiðingar þess á nefndarfundum á ársfundi NATO-þingsins laugardaginn 15. nóvember. Ragnheiður E. Árnadóttir tók málið upp í stjórnmalanefnd þingsins og Magnús Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir gerðu slíkt hið sama í efnahagsnefnd og nefnd um borgaralegt öryggi. Einungis komu fram andsvör frá fulltrúum Breta í umræðum í stjórnmalanefndinni eftir að Ragnheiður E. Árnadóttir hafði gert grein fyrir málinu frá sjónarhóli Íslendinga. Breski þingmaðurinn Denis MacShane svaraði stuttlega að rangt væri að taka þetta mál upp á vettvangi NATO og að í lögunum sem beitt var væru einnig valdheimildir sem tengdust á engan hátt hryðjuverkum. Þessum heimildum hefði verið beitt við hrun íslensku bankanna í Bretlandi. Í kjölfar skoðanaskiptanna átti breski þingmaðurinn Hugh Bayley frumkvæði að fundi Íslandsdeildar og fulltrúa bresku landsdeildarinnar sem fram fór þriðjudaginn 18. nóvember.

Þátttakendur:

Íslandsdeild NATO-þingsins: Ragnheiður E. Árnadóttir formaður, Magnús Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara. Bresku þingmennirnir Hugh Bayley (Verkamannaflokki, neðri deild), Lord Jopling (Íhaldsflokki, lávarðadeild) og John Sewel (Verkamannaflokki, lávarðadeild), auk Libby Preston ritara.

Samantekt:

Ragnheiður E. Árnadóttir gerði grein fyrir samkomulagi sem náðist við nokkur ríki Evrópusambandsins sunnudaginn 16. nóvember um að íslensk stjórnvöld ábyrgist lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um til innstæðueigenda í útibúum íslensku bankanna erlendis. Þá gagnrýndi Íslandsdeildin beitingu breskra hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum og óvarlegar yfirlýsingar breskra ráðamanna um íslensk fyrirtæki og stjórnvöld, og fór yfir efnahagslegar afleiðingar aðgerða breskra stjórnvalda. Helstu punktar voru þessir:

- Íslensk stjórnvöld hefðu frá upphafi lýst því yfir að þau mundu standa við lagalegar skuldbindingar sínar í tengslum við fall bankanna. Hins vegar hafi verið lagaleg óvissa um hversu víðtækar þær skuldbindingar væru og því hafi íslensk stjórnvöld átt í viðræðum við stjórnvöld í Bretlandi og öðrum ríkjum þar sem íslensku bankarnir störfuðu. Einungis Bretland greip til harkalegra aðgerða gegn Íslendingum á meðan unnið var með öðrum ríkjum að lausn vandans eftir diplómátskum leiðum.
- Beiting hryðjuverkalaganna (Anti-terrorism, Crime and Security Act of 2001) var óvenju harkaleg aðgerð sem engin fordæmi eru fyrir í samskiptum bandalagsríkja NATO eða EES. Ekkert hafi komið fram sem benti til lögbrota sem réttlættu aðgerðina og ef grunur hefði verið uppi um glæpsamlegt athæfi í tengslum við Landsbankann hefði verið eðlilegt að bresk stjórnvöld hefðu haft samráð við íslensk stjórnvöld um að gæta eigna bankans.
- Þrátt fyrir skýringar um að sá hluti hryðjuverkalaganna sem beitt var gegn Landsbankanum hafi ekkert með hryðjuverk að gera er staðreyndin sú að Landsbankinn hefur verið á lista með Al-kaída og talíbönunum á heimasíðu breska fjármálaráðuneytisins.
- Skýringar Breta um að grípa hefði þurft til ákvæða hryðjuverkalaganna um frýstingu eigna gegn Landsbankanum til að tryggja fjármáalegan stöðugleika í Bretlandi fengu ekki

staðist þar sem innstæður á Icesave-reikningum Landsbankans voru einungis um 0,5% af heildarinnstæðum á breskum bankamarkaði.

- Yfirlýsingar breskra ráðamanna í alþjóðlegum fjölmiðlum um að frysta ætti eignir allra íslenskra fyrirtækja í Bretlandi og jafnvel eignir íslenskra stjórnvalda hafi verið afar skaðlegar. Orð forsætisráðherra Bretlands hafi mikla vigt og yfirlýsingar Gordon Browns hafi valdið miklu tjóni hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem engin tengsl höfðu við Landsbankann. Jafnframt var minnt á að íslensk fyrirtæki í Bretlandi hefðu um 100.000 starfsmenn.
- Beiting hryðjuverkalaga, skaðlegar yfirlýsingar ráðamanna og yfirtaka breska fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi hefðu valdið gríðarlegum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og gert slæma stöðu Íslendinga enn verri. Stærsta fyrirtæki landsins, Kaupþing, hafi fallið í kjölfar aðgerðanna, og miklar efnahagslegar þrengingar væru framundan.

Bresku þingmennirnir ræddu í svörum sínum mest um hryðjuverkalögin og að í þeim fælust valdheimildir til að taka á efnahagslegum glæpum sem ekki ættu skylt við hryðjuverk. Lítið var sagt um yfirlýsingar breskra ráðamanna eða yfirtökuna á Kaupþingi. Helstu punktar voru þessir:

- Hryðjuverkalögin frá árinu 2001 eru svokallaður „Hybrid Act“ sem skiptist í fimm sjálfstæða hluta. Annar hluti laganna fjallar um frystingu eigna og í honum er hvergi að finna tilvísun í hryðjuverk ólíkt fyrsta hluta laganna. Það sé því misskilningur að Íslendingar hafi verið beittir hryðjuverkalögum; lögin heita „Anti-terrorism, Crime and Security Act“ og ljóst er að aðgerðir breskra stjórnvalda falla einungis undir „Crime“ hluta laganna.
- Lögunum var beitt vegna óvissu um hvort Íslendingar ætluðu að standa við skuldbindingar gagnvart eigendum Icesave-reikninga í Bretlandi og áhyggjum af því að íslensk stjórnvöld hygðust mismuna innstæðueigendum á grundvelli þjóðernis og veita íslenskum innstæðueigendum aukna vernd á kostnað breskra. Viðræður breskra stjórnvalda við íslenska ráðamenn eyddu ekki þeirri óvissu.
- Þótt innstæður á Icesave-reikningum hafi einungis verið um 0,5% af heildarinnlánunum á breskum bankamarkaði þá var staðreyndin sú að það hrikta í stoðum hinna 99,5% markaðarins vegna óróa á fjármálamörkuðum. Því var nauðsynlegt að eyða óvissu um tryggingar fyrir innstæðum Icesave-reikninganna hratt og örugglega með því að frysta eignir Landsbankans.
- Í yfirstandandi fjármálakreppu þar sem traust markaðarins er lítið á bankakerfinu þurfa stjórnvöld að bregðast hratt við til að lægja öldur á markaðnum og koma þannig í veg fyrir að kreppan dýpki og valdi frekari eyðileggingu. Tímapressa af þessum völdum kann að hafa komið í veg fyrir að hægt hafi verið að eiga frekara samráð við íslensk stjórnvöld.
- Eftir að hafa fengið eintak af enskri fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins frá 16. nóvember um samkomulag við nokkur Evrópusambandsríki um innstæðutryggingar og viðmið fyrir frekari samningaviðræður, sagði Hugh Bayley að hann mundi inna Alistar Darling, fjármálaráðherra, eftir því hvort frystingu eigna Landsbankans í Bretlandi yrði aflétt.
- Hugh Bayley sagðist vilja beita sér fyrir heimsókn sendinefndar íslenskra þingmanna til London til að fá nánari skýringar á aðgerðum breskra stjórnvalda frá embættismönnum fjármálaráðuneytis og fjármálaeftirlits ef Alþingi teldi slíka heimsókn gagnlega.

Gögn:

Íslandsdeildin afhenti bresku þingmönnum útprentun af heimasíðu breska fjármálaráðuneytisins þar sem Landsbankinn kemur fyrir á lista ásamt Al-kaíða og talíbönnum og enska fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins frá 16. nóvember um samkomulag við nokkur Evrópusambandsríki um innstæðutryggingar og viðmið fyrir frekari samningaviðræður.

Bresku þingmennirnir afhentu Íslandsdeildinni bresku hryðjuverkalögin frá árinu 2001, skýrslu rannsóknarþjónustu breska þingsins um lögin og útprentun af umræðum um hrun íslensku bankanna í neðri deild breska þingsins 6. nóvember sl.

SS/19. nóv 2008